



Stjórnarháttayfirlýsing Mílu

Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Stjórn Mílu leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína árlega með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti.

Umgjörð um stjórnarhætti

Stjórnarhættir hjá Mílu eru skilgreindir sem umgjörð utan um umsýslu og stjórnun fyrirtækisins og tæki til samskipta milli stjórnenda fyrirtækisins, félagsstjórnar, hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Stjórnarhættir Mílu eru markaðir af lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og siðareglum félagsins, sátt við Samkeppniseftirlitið auk þess sem félagið hefur innleitt samkeppnisréttaráætlun í starfsemi sína sem er mikilvægur hluti af stjórnarháttum þess.

Stjórnarhættirnir taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 5. útgáfa 2015. Leiðbeiningar um um stjórnarhætti fyrirtækja má m.a. finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Leiðbeiningum er fylgt með þeirri undantekningu að stjórn félagsins hefur ekki talið ástæðu til þess að setja á laggirnar tilnefningarnefnd.

Hluthafafundur og aðalfundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess. Míla er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er dótturfélag Símans. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok ágúst ár hvert.

Samþykktir

Samþykktir eru hluti af stofnskjöllum hlutafélaga. Samþykktir Mílu geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins er skipuð þeim Óskari Jósefssyni formanni, Sigríði Dís Guðjónsdóttur og Sigríði Hrólfsdóttur. Sigríður Hrólfsdóttir er fulltrúi Símans í stjórn Mílu en aðrir stjórnarmenn eru óháðir. Af samsetningu stjórnar má sjá að Míla uppfyllir skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta og sátt við Samkeppniseftirlitið um skipan stjórnar.

Stjórn telur að samsetning hennar samræmist starfsemi og stefnu félagsins þannig að henni sé kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og sátt við Samkeppniseftirlitið. Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í



starfsreglum stjórnar Mílu og gert er ráð fyrir að hann sinni í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Á aðalfundi félagsins er fjallað sértaklega um starfskjarastefnu félagsins. Hlutverk starfskjarastefnu er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við starfskjarastefnu.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmir formlegt árangursmat á störfum sínum árlega.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Samskipti stjórnar við hluthafa eiga að einkennast af hreinskilni og vera skýr og samræmd og í samræmi við sátt við Samkeppniseftirlitið. Beini hluthafar fyrirspurnum til stjórnar félagsins skal stjórn vera tilkynnt um þær og hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

Framkvæmdastjóri Mílu

Jón Ríkharð Kristjánsson var ráðinn framkvæmdastjóri Mílu ehf. á árinu 2014. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.

Í framkvæmdastjórn Mílu sitja auk framkvæmdastjóra sviðstjórar þeirra átta sviða sem félagið hefur á að skipa auk lögræðings Mílu.

Innra eftirlit og áhættustýring

Á fundi stjórnar þann 27. apríl var áhættustefna félagsins samþykkt.

Stefna félagsins um áhættustýringu hefur þann tilgang að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi Mílu.

Gildi félagsins

Gildi Mílu eru framsækin, áreiðanleg og traust.

Samfélagsleg ábyrgð

Míla er félagi í Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð